

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 57. fundur

að Hlíðavegi 6, 30. apríl 2009, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Ástu P. Lárusdóttur, Skútustöðum 2b, var frestað á síðasta fundi.
3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðanna ehf.
4. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótelis Mývatns, 30. apríl.
5. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Pingeyinga 6. maí.
6. Rauði kross Íslands skyndihjálparhópur á Norðurlandi, styrkbeiðni.
7. Umhverfismál í Mývatnssveit.
8. Greiðsla fyrir unninn ref, hlaupadýr.

Til kynningar.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne dags. 1. apríl.

Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 16. apríl.

Bréf Bændasamtaka Íslands dags. 15. apríl.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7 og 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

**2. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur, Skútustöðum 2b, var frestað á síðasta fundi.**

Með bréfi dags. 31. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Ástu Þ. Lárusdóttur til reksturs gistingar á einkaheimili að Skútustöðum 2b.

Erindinu var frestað vegna formgalla.

Leiðrétt erindi hefur borist dags. 27. apríl. Til viðbótar við leyfi til reksturs gistingar á einkaheimili er óskað eftir endurnýjun á leyfi til reksturs gistingar í gistiskála.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

**3. Erindi frá sýslumanni v/endurnýjunar á rekstrarleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðanna ehf.**

Með bréfi dags. 22. apríl er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu leyfi til handa Stefáni Gunnarssyni f.h. Jarðbaðanna ehf. til veitingareksturs á starfsstöð félagsins við Jarðbaðshóla.

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

**4. Fulltrúi á aðalfund Grand Hótelis Mývatns, 30. apríl.**

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Kristján Stefánsson.

**5. Fulltrúi á aðalfund Sorpsamlags Þingeyinga 6. maí.**

Fulltrúi Skútustaðahrepps verður Böðvar Pétursson, til vara Kristján Stefánsson.

**6. Rauði kross Íslands skyndihjálparhópur á Norðurlandi, styrkbeiðni.**

Samkvæmt samkomulagi sem undirritað var í apríl 2002 milli almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra, Rauða kross Íslands og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar urðu umtalsverðar breytingar frá fyrri samningi. Verkefni Rauða kross Íslands eru betur skilgreind. Mikið er lagt upp úr skyndihjálparbæði kennslu til almennings og þekkingu deildafólks.

Samkvæmt samkomulaginu á deildafólk að vera í stakk búið til að sinna almennri skyndihjálpar og 1. stigs áfallahjálpar þegar á þarf að halda. Fyrir tæpum þremur árum var stofnaður sérstakur skyndihjálparhópur deilda á Norðurlandi. Í fyrstu var áhersla lögð á bóklegan þátt fræðslunnar, en sl. ár hefur mest kapp verið lagt á verklegar æfingar. Í febrúar s.l. luku 11 félagar úr hópnum svonefndu „vettvangsnámi“ (first-responder).

Skyndihjálparhópurinn er í viðræðum við lögreglu og Slökkvilið akureyrar um stofnun útkallshóps sem vera á til aðstoðar og veita neyðaraðstoð þolenda á vettvangi bruna og annara alvarlegra atburða. Hópurinn er skipaður sjálfboðaliðum allt frá Kópaskeri til Sauðárkróks og eru félagar í hópnum á milli 15 og 20. Ekki er vafi á því að jafn vel þjálfaður útkallshópur er mikilvægur ef til stórslyss kemur og ekki er síður almennt öryggi í því að hafa velþjálfað skyndihjálparfólk í sínu nærumhverfi.

Mikill kostnaður fellst í því að halda við svona vel þjálfuðum hópi þó svo að hann sé skipaður sjálfboðaliðum sem gefa allan sinn tíma hafa deildir á Norðurlandi enu að síður lagt út í mikinn kostnað vegna þess.

Ástæða þess að óskað er eftir fjárstuðningi er sú að skyndihjálparhópin vantar búnað og ekki síst einkennisklæðnað, ekki bara sem hlífðarfatnað heldur ekki síður vegna mikilvægis þess að hópurinn sé vel auðkenndur á vettvangi.

Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50. þús.

Dagbjört tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

#### 7. Umhverfismál í Mývatnssveit.

Borist hefur bréf frá Ásdísi Illugadóttur og Sólveigu Jónsdóttur þar sem þær hvetja sveitarstjórn til að leita leiða til úrbóta í umhverfis- og umgengismálum í sveitinni.

Sveitarstjórn samþykkir að beina erindinu til Umhverfisnefndar jafnframt því sem óskað er eftir að nefndin sjái um skipulag ruslahreinsunar þetta árið.

#### 8. Greiðsla fyrir unninn ref, hlaupadýr.

Þar sem misjöfn sjónarmið hafa verið uppi um hvort öðrum en ráðnum refaskyttum séu greidd verðlaun fyrir unna refi í Skútustaðahreppi leggur Böðvar Pétursson fram eftirfarandi tillögu:

„Öllum þeim sem koma með löglega unna refi, skv. skilgreiningu veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar, verði greidd verðlaun fyrir þau dýr skv. gjaldskrá sömu stofnunar. Jafnframt legg ég til að þessi ráðstöfun verði látin gilda frá og með 1. janúar 2009.“

Þá er og vakin athygli á ákvæði í 7. gr. reglugerðar nr. 437/1995 um refa og minkaveiðar en þar segir m.a.: „*Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatíma né hafa þar óþarfa umgang.*“

Samkvæmt 5. gr. sömu reglugerðar telst grenjatími vera frá 1. maí til 31. júlí.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson.